

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**759. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 17. september 2012  
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Viðræður við íþrótt- og tómstundafulltrúa..
2. Erindi Júlíusar M. Baldurssonar. (frestað á 758. fundi).
3. Fundargerð stjórnar SSNV frá 5. september s.l..
4. Fundargerð 799. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 5. september s.l..
6. Bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins
7. Bréf Fjármála- og efnahagsráðuneytisins..

### Afgreiðslur:

1. Íþrótt- og tómstundafulltrúi er mættur til fundar við byggðarráð. Byggðarráð samþykkir að heimila íþrótt- og tómstundafulltrúa að nýta félagsmiðstöðina fyrir dreifnámsnemendur. Byggðarráð samþykkir að veita ungmennum að 18 ára aldri 50% afslátt af öllum kortum í íþróttamiðstöðinni.
2. Fram lagt erindi Júlíusar M. Baldurssonar sem frestað var á síðasta fundi byggðarráðs en þar óskaði hann eftir því að byggðarráð veiti honum meðmæli vegna umsóknar hans um ábúðarétt að jörðinni Tjörn 1 á Vatnsnesi. Byggðarráð samþykkir að veita ekki meðmæli né umsagnir í þeim tilvikum er ríkið ráðstafar ábúðarétti á ríkisjörðum. Samkvæmt framangreindu getur byggðarráð ekki orðið við erindi Júlíusar.
3. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 5. september s.l. Sveitarstjóri kynnti.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð 799. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Líndal kynnti.
5. Lögð fram til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 5. september s.l.
6. Lagt fram bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 10. september 2012. Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2012/2013. Umsóknarfrestur er til 28. september n.k. Sveitarstjóra falið að senda inn umsókn.
7. Lagt fram til kynningar bréf Fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 5. september s.l. vegna auglýsingar um sölu á Kirkjuvegi 8 á Hvammstanga. Samþykkt að taka á dagskrá.
8. Sveitarstjóri kynnti tillögu að skipulagi við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2013.
9. Lagt fram fundarboð á aðalfund Samtaka stofnfjárhafa í fyrrum Sparisjóði Húnaþings og Stranda, sem haldinn verður í Staðarflöt 20. september n.k. kl 20:30. Samþykkt að oddviti sækji fundinn og Stefán Böðvarsson til vara.

Fundargerð upplesin

Fundi slitið kl: 15:42

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

---

Stefán E. Böðvarsson

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurður Kjartansson